

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir
gegn útbreiðslu efnavopna, nr. 570/2019.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2695 frá 14. október 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna, fylgiskjal 1.3.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 15. nóvember 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.3.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/2695
frá 14. október 2024
um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 um þvingunaraðgerðir
gegn útbreiðslu og notkun efnavopna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANÐSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2018 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna.
- 2) Þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 gilda til 16. október 2024. Framlengja ætti gildistíma þeirra til 16. október 2025 á grundvelli endurskoðunar þessara aðgerða.
- 3) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 8. gr. ákvörðunar (SSUÖ) 2018/1544 kemur eftirfarandi:

„8. gr.

1. Ákvörðun þessi gildir til 16. október 2026. Hún skal vera til stöðugrar endurskoðunar. Aðgerðirnar sem eru settar fram í 2. og 3. mgr. gilda að því er varðar einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem eru á skrá í viðaukanum, til 16. október 2025.
2. Undantekningarnar sem um getur í 7., 8. og 9. mgr. 3. gr. að því er varðar 1. og 2. mgr. 3. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallar-breytingar á aðstæðum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 14. október 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1544 frá 15. október 2018 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna (Stjtið. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 25).